

Fundargerð 68. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn á Teams, 1. febrúar 2020, kl. 13:00

Dagskrá:

- 1. Byggðamál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna**
- 2. Brothættar byggðir**
- 3. Endurskoðun byggðaáætlunar**
- 4. Skipting framlaga til sóknaráætlana landshluta árið 2021**

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Anna Katrín Einarsdóttir (ANR), Árni Freyr Stefánsson (SRN, mætti kl. 13:30), Baldur Þ. Guðmundsson (MRN, mætti 13:45), Björn Helgi Barkarson (UAR), Bryndís Eiríksdóttir (ANR, mætti kl. 13:15), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Karl Björnsson (Sambandinu), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Þór Þórarinsson (FRN), Þórarinn V. Sólmundarson (MRN), Sigríður Ó. Kristjánsdóttir (landshlutasamtökunum), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun) og Sigríður K. Þórgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina. Ásta Bjarnadóttir (FOR) og Kristján Þ. Halldórsson og Helga Harðardóttir frá Byggðastofnun voru einnig viðstödd hluta fundarins.

Fjarverandi: Hrund Hafteinsdóttir (UTN).

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Byggðamál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Ásta Bjarnadóttir, sérfræðingur í forsætisráðuneytinu, kynnti heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og hvernig verið er að vinna samkvæmt þeim hér á landi. Í umræðum um þennan lið kom fram ánægja með samstarfið um heimsmarkmiðin og að þau væri góð til að hjálpa til við að brjóta niður „múra“ milli málaflokka. Einnig var rætt um tengsl grænbókar byggðamála við heimsmarkmiðin en þar hafa lykilviðfangsefni verið tengd tilteknum heimsmarkmiðum og stefnt er að því að hver og ein aðgerð nýrrar byggðaáætlunar verði tengd þeim. Þá kom fram að Hagstofan sé að vinna að gerð viðmiðana til að auðvelda skilgreiningu og eftirfylgni með mælikvörðum vegna heimsmarkmiða, sérstaklega gagnvart sveitarfélögum og minni svæðum. Ásta vék af fundi að þessum lið loknum.

2. Brothættar byggðir

Helga Harðardóttir og Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingar hjá Byggðastofnun og verkefnastjórar í verkefninu Brothættar byggðir, kynntu verkefnið Brothættar byggðir og stöðu þess í einstökum þátttökubyggðarlögum. Fyrir fundinn var stýrihópnum sendar nokkrar ársskýrslur verkefnisins. Í umræðum um þennan lið var m.a. rætt hvaða byggðarlög séu þannig stödd að þau geti átt heima í þessu úrræði, Brothættum byggðum, og rætt um hvort þetta úrræði henti byggðarlögum með alvarlegustu stöðuna. Helga og Kristján viku af fundi að umræðum loknum.

3. Endurskoðun byggðaáætlunar

Formaður kynnti þennan lið. Grænbók byggðamála var í samráðsgátt stjórnvalda til 25. janúar og bárust 18 umsagnir. Haldnir hafa verið samráðsfundir með stjórnendum í flestum ráðuneytum og hefur fulltrúi

stýrihópsins jafnframt setið þá fundi. Þessir fundir hafa verið gagnlegir og í kjölfar þeirra haldnir fundir með einstökum sviðum innan ráðuneyta. Framundan er vinna að hvítbók og tillögu til þingsályktunar og aðgerðaráætlun. Áætlað er að setja hvítbók í samráðsgáttina upp úr miðjum mars, en áður verða haldnir samráðsfundir með stýrihópnum, landshlutasamtökum sveitarfélaga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og alþingismönnum. Gert er ráð fyrir að drög að tillögu til þingsályktunar verði kynnt ráðherra í lok apríl.

4. Skipting framlaga til sóknaráætlunar landshluta árið 2021

Formaður greindi frá skiptingu framlaga til sóknaráætlana landshluta árið 2021 og sýndi töflur með yfirliti þeirra. Heildarframlag er 806 m.kr. Framlag samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis er 582,5 m.kr., þar af eru 100 m.kr. tímabundið framlag vegna Covid og framlag mennta- og menningarmálaráðuneytis er 223,6 m.kr. Í umræðum kom fram að þörfin fyrir fjármuni sé mun meiri en framlagið, t.d. varðandi uppbyggingarsjóðina. Rætt var um hvers vegna fleiri ráðuneyti koma ekki að sóknaráætlunum (með framlagi), eigi starfið að vera þverfaglegt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:25

Næsti fundur verður mánudaginn 1. mars.